Góð andleg heilsa aldraðra, V 4.3 –

Áætlun og dagskrá fyrir helgaropnanir v. 4.3.1.1.1.a.

Liður í því að bæta andlega heilsu aldraðra sbr. aðgerð V.4.3 er að draga úr einmannaleika og félagslegri einangrun eldra fólks með því að bjóða uppá helgaropnun í félagsmiðstöðvum eldra fólks til reynslu í hálft ár. Félag eldri borgara í Kópavogi hefur um langt skeið óskað eftir því að öllum félagsmiðstöðvum Kópavogs verði haldið opnum allar helgar til að bæta andlega heilsu aldraðra og draga úr félagslegri einangrun.

Starfsfólki hefur verið falið að bjóða uppá skipulagða dagskrá allt að fjórum tímum, einn helgardag í mánuði á hverri stöð innan samþykktra fjárheimilda með tilraunaverkefni á vormisseri.

Til að ná fram ofangreindu markmiði er lögð fram eftirfarandi áætlun og dagskrá fyrir helgaropnanir í Gjábakka, Boðaþingi og Gullsmára, undirmarkmið V.4.3.1.1.1.a.

Opnunartímar verða frá kl. 13:00-16:00, en viðvera starfsmanns er frá kl. 12:30-16:30.

Félagsmiðstöð	**Febrúar**	**Mars**	**Apríl**
Gullsmári	10. febrúar	2. mars	6. apríl
Gjábakki	17. febrúar	9. mars	13. apríl
Boðaþing	24. febrúar	16. mars	20. apríl

Boðið verður upp á léttar veitingar en áhersla er lögð á að umsvif og dagskrá verði með sambærilegum hætti milli starfsstöðvanna. Lagt er upp með að byggja helgarstarfið upp í kringum Boccia kynningu á laugardögum til að byrja með en öll önnur afþreying verður einnig aðgengileg þeim sem þess óska á meðan opnunin varir. Fyrsta kynningin verður í Gullsmára og er Gjábakka boðið að mæta þangað.

Frekara félagstarf mun síðan taka á sig mynd eftir því sem líður á vorönnina. Reynt verður að manna laugardagsopnanir með starfsfólki viðkomandi félagsmiðstöðvar eins og unnt er.

Stefán Arnarson
Forstöðumaður félagsmiðstöðva eldra fólks

Jón Kristján Rögnvaldsson
Skrifstofustjóri starfsstöðva og þróunar

Janúar 2024

Skjal sótt af '0000000000' dags: 11.11.2026